

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Þorsteins Eiríks- 47  
sonar frá Minni-Völlum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð- 31. marz  
herra 31. marz 1959.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorsteins Eiríkssonar frá Minni-Völlum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þorsteins Eiríkssonar frá Minni-Völlum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Þorstein Eiríksson, fæddum að Minni-Völlum í Landsveit 20. september 1872.

Stofnendur sjóðsins eru eftirtaldar systur hans og bróðurdóttir ásamt eiginmönnum tveggja þeirra:

Frú Guðríður Eiríksdóttir frá Þjórsártúni, frú Ingiríður Eiríksdóttir og maður hennar Guðjón Jónsson, Ási í Rangárvallasýslu, frú Valgerður Eiríksdóttir 1136 A Ave National City í Californiu og frú Dorothea Guðmundsson og maður hennar Pálmi Guðmundsson, 9002 Harness Street, Spring-Wally Californiu.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og gleðja börn, sem dvelja á Barnaspítala Hringins í Reykjavík.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 22698.34.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, áheiti, minningargjafir og önnur skyld fjárframlög.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Hann skal ávaxtaður þar sem stjórn hans telur tryggilegast og hagkvæmt.

Úthlutun úr sjóðnum má hefjast, þegar höfuðstóllinn nemur 30000.00 kr. — þrjátíu þúsund krónur 00/100 —, og má þá verja úr honum helmingi vaxtatekna hans, en hinn helmingur vaxtanna leggjast ávallt við höfuðstól. Sjóðstjórnin hefur þó heimild til að leggja stærri hlut til höfuðstóls einstök ár, en hér er ákveðið og einnig að geyma til síðari ára, til úthlutunar þá, nokkurn hluta eða allt, sem kemur til úthlutunar ár hvert.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Biskup Íslands, yfirhjúkrunarkona Barnaspítala Hringins og maður tilnefndur af biskupi Íslands, helzt úr hópi stofnenda eða afkomenda þeirra. Verði yfirhjúkrunarkonur barnaspítalans fleiri en ein, skal sú eiga sæti í stjórninni, sem elzt er í starfi á hverjum tíma.

8. gr.

Stjórn sjóðsins heldur gerðabók fyrir sjóðinn. Í hana færir hún m. a. skipulagsskrá þessa. Einnig árlega reikninga sjóðsins.

9. gr.

Leitað verði staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún síðar birt í B-deild Stjórnartíðinda.